

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

198. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtuudaginn **7. júlí 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá byggðarráði.
2. Erindi Freyju Ólafsdóttur.
3. Erindi Árna Jóns Eypórssonar.
4. Erindi Þóru Gísladóttur.
5. Erindi Alberts Jónssonar.

Tekið á dagskrá:

6. Erindi Jóhannesar Jóhannessonar.
7. Erindi Kolbrúnar Steinþórsdóttur.
8. Erindi Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur.
9. Erindi Gunnars J. Óskarssonar.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi byggðarráðs dags. 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar skipulags- og umhverfissráðs á umsókn Vignis Skúlasonar kt. 261075-3699 f.h. óstofnaðs hlutafélags um úthlutun byggingarlóðar við Brandsvöll í Kirkjuhvammi, vestan tjaldsvæðis, undir byggingu allt að 20 smáhýsa. Ásamt umsókninni liggja fyrir fundinum minnispunktar Landmótunar ehf., Ingva Þórs Loftssonar, arkitekts um skipulagsmál útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi. Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í hugmynd um byggingu smáhýsa í Kirkjuhvammi og mögulega úthlutun lóðar í því skyni. Skipulags- og umhverfissráð leggur til að tæknideild verði falið að vinna að framgangi málsins með þeim hætti sem lagt er til í minnisblaði Landmótunar ehf.
2. Freyja Ólafsdóttir kt.180567-5779 sækir um leyfi til að rífa skúr sem stendur fyrir norðan bílskúrinn að Klapparstíg 7. Ráðið samþykkir erindið.
3. Árni Jón Eypórsson 220154-4919 sækir um að breyta matshluta 11, véla- og verkfærageymslu á jörð sinni Bálkastöðum 1, skv. teikn. nr.1 og 2, frá Baldri Eypórssyni kt. 080840-2769. Ráðið samþykkir erindið.
4. Þóra Gísladóttir kt.030357-5549 sækir um leyfi til að setja niður 5 stk 20 feta gáma í Gottorpi. Ráðið veitir stöðuleyfi í eitt ár.
5. Albert Jónsson kt 130164-4399 sækir um leyfi til að setja niður gáma á jörð sinni Eyjanesi. Ráðið frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir frekari gögnum.

Tekið á dagskrá:

6. Jóhannes Jóhannesson kt. 011251-3319, fyrir hönd eigenda jarðarinnar Ægissíðu, sækir um leyfi til þess að rífa fjárhús mhl 05. Ráðið samþykkir erindið.
7. Kolbrún Steinþórsdóttir kt. 290533-4659 sækir um leyfi til að byggja frístundahús í landi Gottorps, skv. meðfylgjandi teikningum frá Sveini Ívarssyni arkitekt kt. 130254-7649. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

8. Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir kt. 050881-5049 sækir um leyfi til að byggja við núverandi fjárhús á Þorgrímsstöðum skv. meðfylgjandi teikningum frá Verkís. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
9. Gunnar J. Óskarsson kt.110365-4039, fyrir hönd Stangveiðifélags Keflavíkur, sækir um leyfi til að setja niður frístundahús á lóð nr.15 í landi Hvols. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

Jóhannes Erlendsson(sign.),
Guðjón Þórarinn Loftsson(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign.),
Unnsteinn Ó. Andrésson(sign.),
Erla B.Kristinsdóttir(sign.),
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi(sign.),
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri(sign.),